

**Ed.**

**572. Lög**

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí).

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal frá 1. jan. 1921 hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsg. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. gr.

Fyrir síðari málslið 22. gr. komi:

Skal skatturinn áfallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyrir greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.